



Djúpvogsskóli **Hugrekki – Virðing - Samvinna**

Umhverfisnefnd

Skólar á grænni grein vinna eftir skrefunum sjö, fyrsta skrefið er að setja á laggirnar umhverfisnefnd í skólanum.

Umhverfisnefndin er hjarta grænfánastarfsins. Í henni sitja fulltrúar frá breiðum hópi nemenda og starfsmanna skólans t.d. einn til tveir nemendur úr hverjum árgangi, fulltrúi kennara og skólastjórnenda, matráður, ræstitæknir, húsvörður o.s.frv.

Mikilvægt er að nemendur myndi kjarna umhverfisnefndarinnar og stýri sem mest því sem fram fer, að sjálfsögðu með dyggri aðstoð starfsmanna í nefndinni. Sumir kjósa að hafa tvær umhverfisnefndir, nefnd nemenda annars vegar og nefnd starfsmanna hins vegar, og á það sérstaklega vel við í leikskólum.

Best er að fulltrúar nefndarinnar séu valdir með lýðræðislegum hætti. Þeir sem áhuga hafa á að vera með geta þannig boðið sig fram og síðan er ýmist dregið um hverjir fá sæti í nefndinni eða kosið – það þarf samt að varast að um vinsældakosningu verði að ræða.

Í umhverfisnefnd Djúpvogsskóla 2020-2022 sitja:

Hera Líf Liljudóttir, fulltrúi kennara
William Óðinn L., fulltrúi starfsmanna
Nemendur úr öllum árgöngum

Kosið er í umhverfisnefnd á hverju skólaári